

Leikskólinn í Stykkishólmi

Hér gefur að líta sönghefti leikskólans. Uppistaðan í því eru lög sem tengjast þemanu okkar „Náttúran og við“. Aftast í heftinu eru svo önnur vinsæl lög í leikskólanum.

Hér er mikið sungið og með því að senda sönghefti heim með öllum börnunum vonumst við til þess að foreldrar, ömmur, afar og systkini geti notið þess að syngja með börnunum heima fyrir. Suma textana munum við læra utan að, en aðra munum við læra að þekkja og vinna með innihald textans, allt eftir aldri, þroska og áhuga hvers hóps. Þessi lög eru sungin í sameiginlegum söngstundum, en einnig inni á deildum og flest þeirra þekkja eldri börnin vel, enda lagakjarninn mikið til sá sami ár eftir ár.

Yngri börnin fara svo smám saman að þekkja flóknari lögin, byrja á því að nota táknin og síðar að læra eina og eina hendingu á meðan að þau eldri eru eldsnögg að læra textana. Við leggjum sérstaka áherslu á nokkur lög í hverjum mánuði, en auðvitað eru þau svo sungin áfram, sum vinsælli en önnur og yfirleitt eitthvað nýtt tekið upp á hverju skólaári.

Tákn með tali er notað þar sem undirstrikað er í textunum (sjá tmt.is) en það hjálpar m.a. til við að læra textana auk þess sem skemmtilegra er að syngja ef hreyfingar fylgja með.

Njótið vel !



Leikskólinn í Stykkishólmi

Sönghefti

Þemalögin - „Náttúran og við“
og fleiri vinsæl lög



September

Út um mó, inn í skóg - 3
Ég þekkti eitt sinn könguló - 3
Kalli litli könguló - 3
Kalli litli kálormur - 3
Ég elska blómin - 4
Í leikskóla er gaman - 3
Snæfellingar erum við - 3
Gúkk-gú-gú - 3
Um gluggan flýgur - 3
Hafið bláa hafið - 4
Haustvísan (Hvert er horfið laufið) - 4
Kisa hljóp á lyngmó - 4
Köngulóarpula - 4
Við syngjum - 4

Október

Í rigningu ég syng - 5
Þrisvar sinnum smell - 5
Ding dong - 5
Vatnsvísan (dripp, dropp) - 5
Brunalið, köttur og skógarþróstur - 6
Krummi krunkar úti - 6
Upp, upp, upp á fjall - 6
Krumminn á skjánum - 6
Ég heyri þrumur - 6
Fingurnir - 6
Þumalfingur, þumalfingur - 7
Hreyfa litla fingur - 7
Drippedi-dripp, droppedi-dropp - 7

Nóvember

Dýragarðslagið - 7
Vikan og mánuðurnir - 8
Ég ætla að syngja - 7

Hver er sá veggur víður og hár-þula 8
Droparnir - 8
Ég er mús - 8
Mér er kalt á tánum - 8
Fyrst með fingrum gerum smell - 8
Tutt, tutt segir bíllinn minn - 8
Buxur, vesti, brók og skó - 8
Nú er úti veður vott - 9

Desember

Jóla- og áramótalög (ekki í heftinu)
Höfuð herðar hné og tær - 9
Fyrst á réttunni, svo á röngunni - 9

Janúar

Krummi svaf í klettagjá - 9
Frost er úti - 9
Nú er frost á Fróni - 9
Þorrvísan - 9
Mýslukvæði - 10
Allir eiga að syngja - 10
Upp og niður - 10
Snjó Korn falla nú til jarðar - 9

Febrúar

Litla flugan - 10
Skýin - 10
Nú er úti norðanvindur - 11
Óskasteinar - 14
Dúkkan hennar Dóru - 11
Dansi, dansi dúkkan mín - 11
Ef þú ert í góðu skapi - 11
Húsdýrin - 12
Ef sérðu krókódíl - 12



Mars

Græn eru laufin-þula - 12
Sólargeislinn - 12
Sá ég spóa - 12
Í grænni lautu - 13
Karl gekk út um morguntíma - 13
Eldur - þúsaldarljóð - 13

Apríl—maí

Bráðum fæðast lítill lömb - 13
Þýtur í laufi - 15
Vertu til - 15
Vorvindar glaðir - 14
Vorljóð (Skúraský) - 14
Signir sól - 14
Ærin segir me, me - 14
Með sól í hjarta - 14
Krumminn í hliðinni - 13
Ég er gula blómið fína - 15
Ánamaðkadansinn - 15
Foli, foli fótalipri - 15

Önnur vinsæl lög og þulur

Afmælissöngur - 18
Hæ, góðan dag - 16
Ausutetur - 16
Kubbahús - 16
Bátasmiðurinn - 16
Lestin - 16
Þorskarnir tveir - 16
Barnalag frá Mexíkó - 16
Siggí og Sína - 16
Hérna koma nokkur risatröll - 17
Spilum saman - 17
Indíánalagið - 17
Dansað á pallinum - 18
Strætisvagninn - 17
Sabokoaja - 18
Fatavísur - 20
Best er að vera bóndakona - 20
Búddi fór í bæinn - 20
Sunnudagur sagði: (þula) - 21

Ein stutt, ein löng - 22
Fagur fiskur í sjó (þula) - 21
Fimm litlir apar - 20
Fingranöfnin - 21
Fingraþula - 21
Keli káti karl - 22
Kemur maður gangandi - 21
Klappa saman lófunum - 22
Klukkurnar - 22
Komdu til mín vinur - 22
Tröllavísur - 23
Uppi' á grænum hól - 23
Gráðug kerling og svangur kall - 22
Guttavísur - 23
Hani, krummi, hundur, svín - 24
Óli fór til Bertu - 24
Stígur hún við stokkinn - 24
Vindum, vindum vefjum band - 24
Fram, fram fylking - 24
Dvel ég í draumahöll - 24
A og bé - 25
Allir þurfa að eiga vin - 25
Upp, upp hátt - 25
Nú koma kýrnar (þula) - 25
Mýsnar dansa - 26
Upp og niður - 26
Pabbi, mamma og börnin - 26
Tölurnar (skólastundarþulan) - 26



Mýsnar dansa (hreyfileikur)

Mýsnar dansa og hoppa hér,
mýsnar dansa og hoppa hér.
Þá kemur gamla kisa,
þá kemur gamla kisa.

Fljót að fela þig, litla mús,
fljót að fela þig, litla mús.
Þá fer hún gamla kisa,
þá fer hún gamla kisa.

Upp og niður

Upp og niður og upp og niður
og upp og niður og klappa svo.
Upp og niður og upp og niður
og upp og niður og klappa svo.

Vinstri og hægri ...
Lítill og stór ...
Stuttur og langur ...
Heitur og kaldur ...
o.fl.


Pabbi, mamma og börnin

Pabbi, mamma og börnin
gengu út á völinn,
gátu ekki fundið veginn.
Þau gáðu hér, þau gáðu þar,
(púmm!) svo dattu þau í skurðinn.



Tölurnar (skólastundarþulan)

Einn og tveir
inn komu þeir,
þrír og fjórir,
furðustórir,
fimm, sex, sjö og átta,
svo fóru þeir að hátt.
Níu, tíu, ellefu og tólf,
lögðu plögginn sín á gólf,
svo fóru þeir að sofa
og sína drauma lofa.
En um miðjan morgun
hún mamma vakti þá,
þrettán, fjórtán, fimmtán, sextán,
fætur stukku þeir á.
Svo fóru þeir að smala
suður fyrir á,
sautján, átján lambærnar
sáu þeir þá,
nítján voru tvílembdar
torfunum á,
tuttugu sauðirnir
suður við sel.
Teldu nú áfram
og teldu nú vel.



Út um mó, inn í skóg.

Út um mó, inn í skóg,
Upp í hlið í grænni tó.
Þar sem litlu berin lyngi vaxa á
Tína, tína tína má.



Tína þá berjablá,
Börn í lautu til og frá.
Þar sem litlu berin lyngi vaxa á
Tína, tína tína má.

Ég þekkti eitt sinn Könguló

Ég þekkti eitt sinn könguló
sem var með átta fætur
og því þurfti hún að fara
-snemma á átta fætur
-og fara í skóna
-og reima skóna
á átta fætur!
Hún taldi: Einn, tveir, þrír,
fjórir,
fimm, sex, sjö, - átta fætur !
Tralalalla! Dúbbíðúbbí !
Tralalalla! ...

Kalli litli könguló

Kalli litli könguló
klifraði' upp á vegg.
Svo kom rigning
og Kalli litli féll.
Svo kom sólin
og þerraði hans kropp.
Kalli litli könguló
klifraði' upp á topp.

Um gluggan flýgur

Um gluggan flýgur fuglinn inn, dú, dí
og byrjar fagra sönginn sinn:
dú, dí, dú, dí, dú, dí.

Þá kemur reyndar kötturinn, mjá,mjá
og fælir burtu fuglinn minn,
Mjá, mjá, mjá, mjá, mjá, mjá.

Gúkk-gú-gú

Gúkk-gú-gú!
Hvar ert þú, litla ljósið mitt?
Gúkk-gú-gú!
Ég sé nú, bjarta brosið þitt!

Kalli litli kálormur

Kalli litli kálormur
í kál og rófur gráðugur
Naga, naga alla daga
namm, namm, namm.



Gulli sem að garðinn á
gremjulegur kemur þá.
Ormur, ormur eins og gormur.
Burt, burt, burt.

Í leikskóla er gaman

Í leikskóla er gaman
þar leika allir saman.
Leika úti' og inni
og allir eru með.
Hnoða leir og lita,
þið ættuð bara að vita
hvað allir eru duglegir
í leikskólanum hér.

Snæfellingar erum við

Snæfellingar erum við
það er voða gaman
Leikum okkur úti' og inni
og erum alltaf saman.
Þeir sem horfa á okkur
verða grænir í framan.
Snæfellingar erum við
það er voða gaman.

Ég elska blómin / I like the flowers

Ég elska blómin, ég elska liljurnar.
Ég elska fjöllin, - ég elska

brekkurnar,
ég elska varðeldinn þegar húmar að
Búmmdidíadí, búmmdidíadí,
búmmdidíadí, búmmdidíadí, búmm

I like the flowers, I like the daffodils
I like the mountains, - I like the
rolling hills,
I like the fireside, when the light is
low.

Búmmdidíadí, búmmdidíadí,
búmmdidíadí, búmmdidíadí, búmm

Hafið bláa hafið

Hafið bláa hafið, hugann dregur.
Hvað er bak við ystu sjónarrönd.
Þangað liggur beinn og beiður vegur
bíða mín þar æsku draumalönd.
Beggja skauta byr
bauðst mér ekki fyr.
Brunaðu nú bátur minn.
Svífðu seglum þöndum
svífðu burt frá ströndum
fyrir stafni haf og himininn.

Við syngjum - nafnalag

Við syngjum lag, já, létta brag.
Við sjáum og heyrum hverjir eru hér í
dag.
Og „Birkir” er hér, og „Kristín” er
hér,
og „Sindri” er hér.
Hress og kát, já það sýnist mér.

Haustvísa

Hvert er horfið laufið
sem var grænt í gær,
þótt ég um það spyrji
verð ég engu nær.
Blöðin grænu hafa visnað
orðin gul og rauð,
ef ég horfi miklu lengur
verður hrísan auð.

Köngulóarpula

Könguló, könguló,
vísaðu mér á berjamó.
Fyrir bláa berjapúfu
skal ég gefa þér gull í skó,
húfu græna, skarlatsskikkju,
skúf úr silki og dillidó.

Kisa hljóp á lyngmó

Kisa hljóp á lyngmó
og rjúpunar elti
fann hún fyrir sér tannkamb
tinbjöllu og belti.
Var hún í rauðum skarlatskirtli
í berjamó,
með gullbelti pabba síns
og tvenna skó.
Stakk hún því undir stélið á sér
stökk svo upp og hló
og sagði dillidó.
Prakkarinn þó,
sat bara og hló
og nú er komið nóg.



Allir þurfa að eiga vin


Allir þurfa að eiga vin,
allir þurfa að eiga vin.
Leggjum núna hönd í hönd
og hnýtum okkar vinabönd.

Þegar bjátar eitthvað á,
allt það segja vini má,
ýta sorgum öllum frá
og aftur gleði sinni ná.

Allir þurfa að eiga vin ...

Vináttan hún færir frið,
friður bætir mannkynið.
Öðrum sýnum ást og trú
og eflum vináttuna nú.

Allir þurfa að eiga vin ...



A og bé

A og bé, spott og spé,
grísinn galar uppi í tré.
Lítill mús til okkar fús
kom og byggði hús.
Lamb í baði
borðar súkkulaði.
Hundur jarmar,
galar grísinn hátt.
A og bé, spott og spé,
grísinn galar uppi í tré.
Hróp og köll
um víðan völl
og þá er sagan öll.

Upp, upp, hátt (með hristum)

Upp, upp, hátt, niður lágt,
hrista, hrista og svo allir snú!
Upp, upp, hátt, niður lágt,
hrista, hrista og svo frjósa nú!

Nú koma kýrnar (þula)

Nú koma kýrnar
og klóra á sér brýrnar.
Nú koma ærnar
og klóra á sér tærnar.
Nú koma lömbin,
svöng er í þeim vömbin.
Nú kemur féð,
klórar á sér hnéð.
Nú koma nautin,
þau éta grautinn.
Nú koma hestarnir
og vel ríða prestarnir.

Hani, krummi

Hani, krummi, hundur, svín,
hestur, mús, tittlingur;
galar, krunkar, geltir, hrín,
gneggjar, tístir, syngur.



Óli fór til Bertu

Óli fór til Bertu bakaríistertu
og það hana að kyssa sig.
Þá sagði Berta bakaríisterta:
„Bara ef þú elskar mig.”

Þá sagði Óli sem var á hjóli:
„Berta ég elska þig!”
Glöð sagði Berta bakaríisterta:
„Nú máttu kyssa mig!”

Óli fór til Steinu bakaríiskleinu ...
Óli fór til Ollu bakaríisbollu ...



Stígur hún við stokkinn

Stígur hún við stokkinn,
stuttan á hún sokkinn,
ljósan ber hún lokkinn
litli telpuhnokkinn.

Stígur hann við stokkinn,
stuttan á hann sokkinn,
ljósan ber hann lokkinn
litli drenghnokkinn.

Vindum, vindum, vefjum band

Vindum, vindum, vefjum band,
vefjum fallegt húfuband.
Fyrir Stínu höfuð hneigja,
fyrir Stínu hné sín beygja,
svo skal Stína snúa sér.

Fram, fram fylking

Fram, fram fylking,
forðum okkur hættu frá
því ræningjar oss vilja ráðast á.
Sýnum nú dug, djörfun og hug.
Vaki, vaki vaskir menn
því voða ber að höndum,
sá er okkar síðast fer
sveipaður verður böndum.

Dvel ég í draumahöll

Dvel ég í draumahöll
og dagana lofa.
Litlar mýs um löndin öll
liggja nú og sofa.
Sígur ró á djúp og dal,
dýr til hvílu ganga.
Einnig sofna skolli skal
með skottið undir vanga.



Í rigningu ég syng

Í rigningu ég syng,
í rigningu ég syng.
Það er stórkostlegt veður,
mér líður svo vel.
Armar fram og armar að.
Tjutti tja, tjutti tja, tjutti tja tja.
2. Beygja hné
3. Rassinn út
4. Inn með tær
5. Hakan upp
6. Út með tungu

Þrisvar sinnum smell

Þrisvar sinnum smell, smell, smell,
smell.
Syngjum ofurbliðt la,la,la,la,la
Kinka svo kolli, kinka, kinka, kinka
Smellum lágt í góm smell, smell,
smell
Hendur upp og hreyfa til og frá
En ekki hafa hátt, uss, uss, uss.

Ding dong

Ding dong
sagði lítill grænn froskur einn dag,
ding dong
sagði lítill grænn froskur.
Ding dong
sagði lítill grænn froskur einn dag,
og svo líka ding dong spojojo...

King kong
sagði stór svartur api einn dag,
king kong
sagði stór svartur api.
King kong
sagði stór svartur api einn dag,
og svo líka king kong aaaa...

Um-eh sagði lítill græn eðla ...
Blúbb-blúbb sagði lítill blár fiskur..
Mjá-mjá sagði lítill grá kisa ...
Voff, voff sagði lítill brúnn hundur
Hviss, hviss sagði lítill svartur
hvalur ... o.s.frv. o.s.frv.

Vatnsvísan

Dripp dropp, dripp dropp
Dripp dropp, dripp dropp
Hvað er það sem rignir
svo regnhlífarnar á?
Hvað rennur svo
bólstrunum svörtu frá?
Það er vatnið, vatnið,
ekki nema vatnið.
Dripp, dropp ...
Hvað er í þeim skýjum
sem skreyta loftin blá
en skipin og bátarnir sigla á?
Það er vatnið ...

Dripp, dropp ...
Hvað er það, sem alls staðar
liggur kringum lönd
og leikandi gjálfrar
við sjávarströnd?
Það er vatnið ...
Dripp, dropp ...
Hvað er það, sem börnin sig
baða stundum í
en breytist í ís, þegar frost nær því?
Það er vatnið ...



Brunabíll, köttur og skógarpröstur

Ba, bú, ba, bú, brunabíllinn flautar.
Hvert er hann að fara?
Vatn á eld að sprauta -
tss, tss, tss, tss!
Gerir alla blauta.

Mjá, mjá, mjá, mjá, mjálmar gráa
kisa.

Hvert er hún að fara?
Út í skóg að ganga -
uss, uss, uss, uss!
Skógarprösti að fanga.

Bí, bí, bí, bí, skógarpröstur syngur.
Hvert er hann að fara?
Burt frá kisu flýgur -
víí, víí, víí, víí!
Loftin blá hann smýgur.

Krummi krunkar úti

Krummi krunkar úti
kallar á nafna sinn:
„Ég fann höfuð af hrúti,
hrygg og gæruskinn.”
:,:Komdu nú og kroppaðu með mér,
Krummi nafni minn :,:

Upp, upp, upp á fjall

Upp, upp, upp á fjall,
upp á fjallsins brún.
Niður, niður, niður, niður,
alveg nið'r á tún.



Krumminn á skjánum

Krumminn á skjánum,
kallar hann inn:
“gef mér bita af borði þínu,
bóndi minn!”
Bóndi svarar býsna reiður:
“Burtu farðu, krummi leiður.
Líst mér að þér lítill heiður,
ljótur ertu á tánum,
Krumminn á skjánum.”

Ég hevrei þrumur

Ég hevrei þrumur, ég hevrei þrumur
heyrir þú, heyrir þú?
Droparnir detta, droparnir detta
ég er gegnblautur,
ég er gegnblautur.

Fingurnir

Einn lítill,
tveir litlir,
þrír litlir fingur,
fjórir litlir,
fimm litlir,
sex litlir fingur,
sjö litlir,
átta litlir,
nú litlir fingur,
tíu litlir fingur á höndum.
(syngja líka um tásurnar)



Tröllavísur

Hátt upp' í fjöllunum
þar búa tröllin;
tröllapabbi, tröllumamma
og litli Trölli-Rölli.

„Bö!” Sagði tröllapabbi.
„Bö!” Sagði tröllumamma.
En hann litli Trölli-Rölli
sagði ekki neitt. Uss!

Uppi' á grænum hól

Uppi' á grænum, grænum
himinháum hól,
sá ég hérahjónin ganga.
Hann með trommu bomm, bomm,
bomm, boromm, boromm,
hún með fiðlu' sér við vanga.
Þá læddist að þeim ljótur byssukarl
sem miðaði í hvelli,
en hann hitti bara trommuna
sem small
og þau hlupu og héldu velli.

Guttavísur

Sögu vil ég segja stutta
sem að ég hef nýskeð frétt.
Reyndar þekkið þið hann Gutta,
það er alveg rétt.
Óþekkur er ætíð anginn sá,
út um bæinn stekkur hann
og hoppar til og frá.
Mömmu sinni unir aldrei hjá
eða gegnir pabba sínum.

Nei, nei, það er frá.
Allan daginn út um bæinn
eilíf heyrast köll í þeim:
Gutti, Gutti, Gutti, Gutti,
Gutti komdu heim.

Andlitið er á þeim stutta
oft sem rennblautt moldarflag,
mædd er orðin mamma' hans Gutta,
mælir oft á dag:
„Hvað varst þú að gera Gutti minn?
Geturðu' ekki skammast þín
að koma svona inn?
Réttast væri' að flengja ræfilinn.
Reifstu svona buxurnar
og nýja jakkann þinn?
Þú skalt ekki þræta Gutti,
það er ekki nokkur vörn.
Almáttugur en sú mæða'
að eiga svona börn.”

Gutti aldrei gegnir þessu
grettir sig og bara hlær.
Orðinn nærri' að einni klessu
undir bíl í gær.
Onaf háum vegg í dag hann datt
drottinn minn, og stutta nefið
það varð alveg flatt.
Eins og pönnukaka, er það satt?
Ójá, því er ver og miður
þetta var svo bratt.
Nú er Gutta nefnið snúið
nú má hafa það á tröll.
Nú er kvæðið næstum búðið.
Nú er sagan öll.

Ein stutt ein löng

Ein stutt, ein löng,
hringur og stöng
og flokkur sem spilaði og söng.

Köttur og mús og sætt lítið hús,
sætt lítið hús og köttur og mús.
Ein stutt, ein löng ...

Penni og gat og fata sem lak,
fata sem lak og penni og gat.
Ein stutt, ein löng ...

Lítill og stór og feitur og mjór,
feitur og mjór og lítill og stór.
Ein stutt, ein löng ...

Keli káti karl

Ég heiti Keli káti karl
og kraftajötunn er.
Og þegar ég fer út, út,
hrökkva' allir í kút, kút.
Ég heiti Keli káti karl.
Tra-la la la la la la.

Klukkurnar

Stóra klukkan segir:
„Tikk takk, tikk takk.”
Litla klukkan segir:
„Tikka takka, tikka takka.”
Vasaúrið smáa segir:
Tikkatakka, tikkatakka,
tikkatakka, tikk.”



Klappa saman lófunum

Klappa saman lófunum,
reka féð úr mounum,
tölta' á eftir tófunum,
tína egg úr spóunum.

Klappa saman lófunum
reka féð úr mounum,
vinna sér inn bita,
láta' ekki' hann pabba vita.

Komdu til mín vinur

Komdu til mín, komdu til mín,
komdu til mín vinur.
Farðu frá mér, farðu frá mér,
farðu frá mér vinur.
∴ Og klappa með hægri
og klappa með vinstri
og klappa með báðum
og snúa í hring. ∴

Gráðug kelling og svangur kall

Gráðug kelling hitaði sér vellings
og borðaði (namm,namm,namm)
síðan sjálf (jamm,jamm,jamm)
af honum heilan helling.

Svangur kallinn varð alveg
dolfallinn og starði svo
(sko,sko,sko) heilan dag (o,ho,ho)
ofan í tóman dallinn.

Þumalfingur

Þumalfingur, þumalfingur,
hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég.
Góðan daginn, daginn, daginn.
(sungið um alla fingurna).

Hreyfa litla fingur

Hreyfa litla fingur,
hreyfa litla fingur,
hreyfa litla fingur
og frjósa eins og skot !
(sungið eins um fætur, hendur,
augu, munna, hausa, maga o.fl.
með tilheyrandi látbragði)

Drippedi-dripp, droppedi-dropp

Drippedi-dripp, droppedi-dropp,
drippedi, drippedi, droppedi-dropp.
Drippedi-dripp, droppedi-dropp,
drippedi, drippedi-dropp.

Rigning hér og rigning þar,
já, rigningin er alls staðar
en sama er mér og sama er þér,
við sullum og bullum hér.

Drippedi-dripp, droppedi-dropp...

Dýragarðslagið

∴Ég fór í dýragarð í gær
og gettu hvað ég sá ? ∴
∴ A,a,a,a apa þar ég sá.∴
(sungið um fleiri dýr og ýmislegt
fleira og byrjað á fyrsta hljóðinu í
viðkomandi orði. Líka sungið ég
fór í búðina/sundlaugina o.fl.)

Ég ætla að syngja

Ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja lítið lag.
Hérna eru augun,
hérna eru eyrun,
hérna er nebbinn minn
og munnurinn.

Ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja lítið lag.
Hérna er bringan,
hérna er naflinn,
hérna er rassinn minn
og búkurinn.

Ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja lítið lag.
Hérna eru fingurnir,
hérna er höndin,
hérna er olboginn
og handleggurinn.

Ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja lítið lag.
Hérna eru tærnar,
hérna er hællinn.
hérna er hnéð á mér
og fótleggurinn hér.



Hver er sá veggur (bula)

Hver er sá veggur víður og hár
veglega settur röndum?

Gulur, rauður, grænn og blár
gerður af meistara höndum.

Vikan og mánuðurnir

Sunnudagur, mánudagur,
þriðjudagur,
miðvikudagur, fimmtudagur,
föstudagur og laugardagur,
og þá er vikan búin.

Janúar, febrúar,
mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst,
september, október,
nóvember og desember.

Droparnir

∴ Drip, drip, drip
segja droparnir við pollinn ∴
Og þeir steypa sér í kaf
og breyta pollinum í haf.

Ég er mús

Ég er mús eins og allir sjá,
lík er pabba og mömmu sem ég á.
Ostur besta sem ég veit
enda er ég soldið feit.
Svona er að vera mús
og kunna ekki að drekka úr krús,
en mig langar svo oft í djús.

Ég heiti:

Mýsla tísla, tása, túsla,

(x3)

þetta heiti ég.



Mér er kalt á tánum.

Mér er kalt á tánum,
ég segi það satt.

Ég er skólaus og skjálfandi
og hef engan hatt.

Það snjóaði í morgun
það snjóaði í dag
ég er hreint alveg ráðalaus,
en hvað um það.

Ég syng mína vísu
um snjóinn og mig.
Tra, la, la, la, la, la,
um snjóinn og mig.

Fyrst með fingrum gerum smell

Fyrst með fingrum gerum smell.
Fætur stappa hátt.
Hendur slá á hné
og klappa svo dátt.

Tutt, tutt

Tutt tutt segir bíllinn minn
ek ég inn í bílskúrinn
fingri styð á flautuna
og fætinum á bremsuna.

Mér er sama því ég á
yndið mitt með augun blá.
Ljósa lokka og rjóða kinn
legg ég hana í vagninn sinn.

Buxur, vesti, brók og skó

Buxur, vesti, brók og skó,
bætta sokka, nýta,
húfutetur, hálsklút þó,
háleistana hvíta.

Fagur fiskur í sjó (bula)

Fagur fiskur í sjó,
brettist upp á halanum
með rauða kúlu á maganum.
Vanda, banda,
gættu þinna handa.
Vingur, slingur,
vara þína finger.
Fetta, bretta,
svo skal högg á hendi detta.



Fingrabula

Þessi datt í sjóinn,
þessi dró hann upp,
þessi bar hann heim,
þessi horfði á
en lilli putti spillemann
kjaftaði frá.



Fingranöfnin (bula)

Þumalfingur er mamma
sem var mér vænst og best,
vísifingur er pabbi
sem gaf mér rauðan hest,
langatöng er bróðir
sem býr til falleg gull,
baugfingur er systir
sem þrjónar sokka úr ull,
litli fingur er barnið
sem leikur að skel,
litli þínu anginn sem dafnar svo vel.
Hér er allt fólkið svo fallett og nett,
fimm eru í bænum ef talið er rétt.
Mikið væri gaman í þessum heim,
ef öllum kæmi saman
jafn vel og þeim.

Sunnudagur sagði: (bula)

Sunnudagur sagði:
þorið þið að mæta mér?
Mánudagur flýtti sér.
Þriðjudagur þagði.
Miðvikudagur fór svo flatt,
að fimmtudagur um hann datt.
En föstudagur hljóp svo hratt
að hendur á hann lagði
laugardagur, byrstur mjög í bragði.
En þá var vikan liðin
og kyssti litlu börnin,
sem lásu og voru iðin.
Þetta er alveg satt.
Svo kemur næsta vika,
þá gengur það nú glatt.

Kemur maður gangandi (bula)

Kemur maður gangandi,
ætla að heimsækja (nafn barns).
Bankar á dyrnar,
kíkir í gluggana,
snýr lyklinum,
þurrkar sér á mottunni
og hleypur inn.



Fatavísur

Sumarfötin, sumarfötin
setjum inn í skáp.
Geymum þau í vetur
og klæðum okkur betur.
Sumarfötin, sumarfötin
setjum inn í skáp.

Þykku fötin, þykku fötin
þykja best í snjó.
Þegar út við þjótum
og karl úr snjó við mótum.
Þykku fötin, þykku fötin
þykja best í snjó.

Pollafötin, pollafötin
puðumst við nú í.
Úti regnið bylur
stétt og steina hylur.
Pollafötin, pollafötin
puðumst við nú í.

Best er að vera bóndakona

Best er að vera bóndakona
búa með manni duglegum.
Álit mitt það er nú svona
að allt sé fullt af skyrdöllum.
Eyvindur minn með drógina sína,
Guðný mín með börnin sín,
ærnar mínar, kýrnar mínar,
byttan mín og myllan mín.
Eldhúsið mitt, búið mitt,
baðstofan mín og loftið mitt,
heyin mín, lömbin mín,
Heimaflekkur og Mosa.

Búddi fór í bæinn

Búddi fór í bæinn
og Búddi fór í búð.
Búddi sat á torginu
og var að borða snúð.
Þá kom löggumann
og hirti hann
og stakk honum
ofan í rassvasann.



Fimm litlir apar

Fimm litlir apar sátu uppi' í tré,
þeir voru' að stríða krókódíl:
„Þú nærð ekki mér!“
Þá kom hann herra krókódíll
hægt og rólega og ... amm !

Fjórir litlir apar ...
Þrír litlir apar ...
Tveir litlir apar ...
Einn lítill api ...



Nú er úti veður vott

Nú er úti veður vott
verður allt að klessu
ekki fær hann Grímur gott
að gífta sig í þessu

Höfuð herðar hné og tær

∴ Höfuð, herðar,
hné og tær, hné og tær. ∴
Augu, eyru, munnur og nef,
höfuð, herðar, hné og tær,
hné og tær.

Fyrst á réttunni

Fyrst á réttunni,
svo á röngunni.
Tjú, tjú, trall, lall, la.
(sungið tvisvar)

Krummi svaf í klettagjá

Krummi svaf í klettagjá,
kaldri vetrarnóttu á,
∴ verður margt að meini, ∴
fyrir en dagur fagur rann
freðið nefið dregur hann
∴ undan stórum steini. ∴
Á sér krummi ýfði stél ,
einnig brýndi gogginn vel,
∴ flaug úr fjallagjótum, ∴
lítur yfir byggð og bú,
á bæjum fyrir en vakna hjú;
∴ veifar vængjum skjótum. ∴

Sálaður á síðu lá
sauður feitur garði hjá
∴ fyrrum frá á velli. ∴
Krunk, krunk, nafnar, komið hér,
krunk, krunk, því oss búin er
∴ krás á köldu svelli. ∴

Frost er úti fuglinn minn

Frost er úti fuglinn minn,
ég finn hvað þér er kalt.
Nærðu engu í nefið þitt,
því nú er frosið allt?
En ef þú bíður augnablik
ég ætla að flýta mér,
að biðja hana mömmu mína
um mylsnu handa þér.

Snjókorn falla nú til jarðar

Snjókorn falla nú til jarðar eitt og eitt
Snjókorn falla nú til jarðar eitt og eitt
Nú er skemmtilegt að líta,
okkar landið kalda hvíta.
Snjókorn falla nú til jarðar eitt og eitt
Syngjum æ, æ, hopp og hí og æ,
Svo það hljómi' í þorpi, borg og bæ.
Inni í dölum, uppi á fjöllum
ómar loft af hlátrasköllum.
Syngjum æ,æ hopp og hí og hæ.

Þorrvísan

Í leikskólanum aldrei þverr,
ánægjunnar sjóður.
Þorramatur þykir mér,
þjóðlegur og góður.

Þorrapræll

Nú er frost á Fróni
frýs í æðum blóð.
Kveður kuldaljóð
Kári' í jötunmód.
Yfir laxalóni liggur klakaþil
hlær við hriðarbil hamragil.
Mararbára blá brotnar þung og há
unnar steinum á
yggld og grett á brá.
Yfir aflatjóni æðrast skipstjórinn.
Harmar hlutinn sinn hásetinn.



Mýslukvæði

Leit ég litla mús,
læðast inn í hús.
Kötturinn að krækja í hana,
kannski verður fús.

Músin fékk sér mat,
matinn við hún sat.
Þegar kisi þarna birtist
þaut hún o'n um gat.

„Heyrðu, heillin smá,”
hvæsti kisi þá.
„ í þig hef ég heillin góða,
hugsað mér að ná.”

Hopp og hopp og hí,
hann varð samt af því,
þótt fljótur væri að finna gatið
festi hann sig í því.

Allir eiga að syngja

Allir eiga að syngja, tra-la-la-la.
Allir eiga að syngja eins og ég.
Tra-la eins og ég. Tra-la eins og ég.
Tra-la eins og ég, eins og ég.

Allir eiga að klappa ...
Allir eiga að smella ...
Allir eiga að flauta ...
Allir eiga að hoppa ...
Allir eiga að stappa ...

Upp og niður

Upp og niður og upp og niður
og upp og niður og klappa svo.
Upp og niður og upp og niður
og upp og niður og klappa svo.

Lítill og stór ...
Feitur og mjór ...
Hægri og vinstri ...
Stuttur og langur ...
Augu og nef ...
o.fl. ...

Litla flugan

Lækur tifar létt um máða steina.
Lítill fjóla grær við skriðufót.
bláskel liggur brotin milli hleina.
Í bænum hvílir íturvaxin snót.
Ef ég væri orðin lítill fluga,
ég inn um gluggann þreytti flugið
mitt,

og þó ég ei til annars mætti duga,
::: ég eflaust gæti kitlað nefið þitt:::

Skýin

Við skýin felum ekki sólina af illgirni
við skýin erum bara' að kíkja'
á leiki mannanna

Við skýin sjáum ykkur hlaup -
úúúúúps - í rokinu,
klædd gulum, rauðum, grænum,
bláum regnkápum.

Eins og regnbogi meistarans,
regnbogi meistarans,
við skýin erum bara grá, bara grá.
Á morgun kemum sólin,
hvar verðum við skýin þá ?



Úmbarassa (Stökur)

Afi minn og amma mín
út á Bakka búa,
þau eru bæði sæt og fin,
þangað vil ég fljúga.

Úmbarassa

Afi minn fór á honum Rauð,
eitthvað suður á bæi,
sækja bæði sykur og brauð,
sitt af hvoru tæi.

Úmbarassa...

Sigga litla systir mín
situr úti í götu.
Er að mjólka ána sín
í ofur litla fötu.

Úmbarassa ...

Fljúga hvítu fiðrildin
fyrir utan glugga
þarna siglir einhver inn
ofurlítill dugga.

Úmbarassa ...

Runki fór í réttirnar
ríðandi á honum Sokka.
Yfir holt og hæðirnar
hann lét klárinn brokka.

Úmbarassa ...

Við skulum róa sjóinn á
að sækja okkur ýsu.
En ef hann krummi kemur þá
og kallar á hana Dísu.

Úmbarassa ...

Fuglinn segir bí, bí, bí
bí, bí segir Stína.
Kveldúlfur er kominn í
kerlinguna mína.

Úmbarassa ...

Kristín litla komdu hér
með kalda fingur þína.
Ég skal bráðum bjóða þér
báða lófa mína.

Börnin spila á trommuna

Börnin spila á trommuna,
spila á trommu'
og við syngjum öll með.
Góðan dag, góðan dag
hvernig líður þér í dag,
vonandi líður þér vel.– júhú
Og svo breytum við trommunni
í ... píanó, fiðlu, blokkflautu, gítar
o.sfrv



Stóra brúin

Stóra brúin fer upp og niður,
upp og niður, upp og niður,
stóra brúin fer upp og niður,
allan daginn.

Bílarnir aka yfir brúna ...

Skipin sigla undir brúna ...

Flugvélar fljúga yfir brúna ...

Fiskarnir synda undir brúna ...

Fuglarnir fljúga yfir brúna ...

Börnin ganga yfir brúna ...

Um landið bruna bifreiðar

Um landið bruna bifreiðar, bifreiðar,
bifreiðar,
með þeim við skulum fá oss far
og ferðast hér og þar.

Ba-bú, ba-bú, tra-la, la, la, la, la, la.

Ba-bú, ba-bú, tra-la, la, la, la.

Um loftin fljúga flugvélar ...

Um höfin sigla skúturnar ...

Við erum söngvasveinar

∴ Við erum söngvasveinar

á leiðinni' út í lönd ∴

Við leikum á flautu, á skógarhorn,
á skógarhorn, við leikum á flautu,
fiðlu' og skógarhorn.

Og við skulum dansa hopp, sa, sa,
hopp, sa, sa, hopp sa, sa,
og við skulum dansa hopp, sa, sa,
hopp sa, sa.



Dansað á pallinum

„Þórunn” dansar á pallinum,
en „Gunna” skellihlær.

„Erna” er á sokkunum

og „Siggi” datt í gær.

„Guðrún” keyrir bíl með „Nonna” á,
og „Palli” kastar bolta til „Möggu”
þá.

Afmælissöngur

Afmæli þú átt í dag,
út af því við syngjum lag.
Sama daginn sem er nú
sannarlega fæddist þú.



Til hamingju með heilladaginn þinn,
heillakarlinn minn/heillakerlingin.
Til hamingju með heilladaginn þinn,
heillakarlinn minn/heillakerlingin.

Allt þér gangi vel í vil,
vertu áfram lengi til,
allt þér verði hér í hag.
Höldum upp á þennan dag.

Til hamingju með heilladaginn þinn,
heillakarlinn minn/heillakerlingin.
Til hamingju með heilladaginn þinn,
heillakarlinn minn/heillakerlingin.

Sabokoaja

∴ Sabokoaja kadokade,
sabokoaja kadokade. ∴
A-a, sabokoaja kadokade.
A-a, sabokoaja kadokade.

Nú er úti norðanvindur,

Nú er úti norðanvindur,

nú er hvítur Esjutindur.

Ef ég ætti úti kindur

myndi ég láta þær allar inn.

elsku bestu vinur minn.

∴ Úmbarassa, úmbarassa,
úmbarassasa ∴

Upp er runninn öskudagur,
ákaflega skýr og fagur.
Einn með þoka ekki ragur
úti vappar heims um ból.
Góðan daginn, gleðileg jól.

∴ Úmbarassa, úmbarassa,
úmbarassasa ∴

Elsku bestu sálager.

heyristu hvað ég segi þér.

“Þú hefur étið úldið smér

og dálítið af snæri,

elsku vinurinn kær!”

∴ Úmbarassa, úmbarassa,
úmbarassasa ∴

Þarna sé ég fé á beit,

ekki' er því að leyna.

Nú er ég kominn upp í sveit

á rútunni hans Steina.

Skilurðu hvað ég meina?

∴ Úmbarassa, úmbarassa,
úmbarassasa ∴

Dansi, dansi dúkkan mín

Dansi, dansi dúkkan mín.

Dæmlaust er stúlkan fin.

Voða fallett hrokkið hár,

hettan rauð og kjóllinn blár.

Svo er hún með silkiskó,

sokka hvíta eins og snjó.

Heldurðu' ekki að hún sé fin?

Dansi, dansi dúkkan mín.

Ef þú ert í góðu skapi

∴ Ef þú ert í góðu skapi

sláðu' á lær ∴

Ef þú ert í góðu skapi

máttu láta eins og api.

Ef þú ert í góðu skapi

sláðu' á lær.



Dúkkan hennar Dóru

Dúkkan hennar Dóru var með sótt,
sótt, sótt,

hún hringdi og sagði lækni að
koma fljótt, fljótt, fljótt.

Læknirinn kom með sína tösku

og sinn hatt

-hann bankaði á dyrnar: Ra, ta, ta,
ta, tatt!

Hann skoðaði dúkkuna og hristi
sinn haus:

Hún skal í rúmið og ekkert raus!

Hann skrifaði á miða hvaða pillu

hún skyldi fá:

Ég kem aftur á morgun, ef hún er
enn veik þá.

Húsdýrin

Nú skal syngja um kýrnar
sem baula hátt í kór.
Þær gefa okkur mjólkina
svo öll við verðum stór.
Mjólk, mjólk, mjólk, mjólk, mjólk.
Bö, bö, bö o.s.frv.

Nú skal syngja um hænsnin
sem gagga endalaust.
Þau gefa okkur egg
svo öll við verðum hraust.
Egg, egg, egg, egg, egg.
Ga, ga, gó o.s.frv.

Nú skal syngja um lömbin
sem jarma sætt og blítt.
Þau gefa okkur ullina
svo okkur verði hlýtt.
Ull, ull, ull, ull, ull.
Me, me, me, o.s.frv.

Ef sérðu krókóðil

Ef sérður krókóðil í þínu baðkeri,
vertu ekki við hann hræddur, sýndu
hugrekki
og bjóddu honum inn í stofu
þar að snæðingi.

Ef situr stærðar górilla í geymslunni,
skaltu taka því með ró, þú veist af
reynslunni

að ef hún fær tvo banana
hún sýnir kurteisi.

Ef liggur stærðar ljón á þínu
skrifborði,

skaltu ekki kalla á mömmu þína í
ofboði,
heldur klappa því á bakið
svo það steinsofni.

Græn eru laufin (bula)

Græn eru laufin
og grasið sem grær.
Glóðin er rauð
og eldurinn skær.
Fífill og sóley
eru fagurgul að sjá.
Fjöllin og vötnin
og loftin eru blá.
Hvítur er svanur
sem syndir á tjörn.
Svartur er hann krummi
og öll hans börn.

Sólargeislin

Þú sólargeisli sem gæist inn,
og glaður skýst inn um gluggan
minn.
Mig langar svo til að líkjast þér,
og ljósi varpa á hvern sem er.

Sá ég spóa

Sá ég spóa suður í flóa,
syngur lóa úti í móa,
bí, bí, bí, bí.
Vorið er komið víst á ný.



Risatröll

Hérna koma nokkur risatröll, hó, hó
þau öskra svo að bergmálar um
fjöll, hó, hó.
Þau þramma yfir þúfurnar,
svo fljúga í burtu dúfurnar.
En bak við ský er sólin hlý í leyni,
hún skín á tröll svo verða þau að
steini. Hó, hó !

Spilum saman

Spila, spila, spila saman
það finnst okkur voða gaman
gáum hvort við getum stoppað, NÚ!
Labba, smíða, dansa, hoppa,
klappa o.s.frv.

Indíanalagið

∴ Við erum indíánar og við búum í
tjöldum ∴
∴ Trommi, trommi, trommi, trommi,
trommi, tromm ∴

Við róm á kajak ...
Við erum með fjaðrir ...
Við dönsum í kringum eldinn ...
Við málum okkur í framan ...
Og við segjum „avavavava” o.s.frv.



Strætisvagninn

Hjólin á strætó snúast í hring, hring,
hring, hring, hring, hring, hring,
hring, hring.
Hjólin á strætó snúast í hring, hring,
hring, út um allan bæinn.

Dyrnar á strætó opnast út og inn,
út og inn, út og inn,
dyrnar á strætó opnast út og inn,
út um allan bæinn.

Peningarnir í strætó segja kling,
kling, kling, kling, kling, kling,
kling, kling, kling.
Peningarnir í strætó segja kling,
kling, kling, út um allan bæinn.

Fólkið í strætó segir bla, bla, bla, bla,
bla, bla, bla, bla, bla.
Fólkið í strætó segir bla, bla, bla
út um allan bæinn.

Krakkarnir í strætó segja uh, uh, uh,
uh, uh, uh, uh, uh, uh.
Krakkarnir í strætó segja uh, uh, uh,
út um allan bæinn.

Bílstjórinn í strætó segir ssh, ssh,
ssh, ssh, ssh, ssh, ssh, ssh.
Bílstjórinn í strætó segir ssh, ssh,
ssh, út um allan bæinn.

Hjólin á strætó ...



Önnur vinsæl lög og þulur

Hæ góðan dag

∴:Hæ, góðan dag, hello, guten tag.
Welcome, welcome, welcome,
welcome.

Buenos días, buenos días.∴:

Bon jour - Dzień dobry

Ausutetur

Einn var að smíða ausutetur
annar hjá honum sat.
Þriðji kom og bætti um betur
hann boraði á hana gat.
Hann boraði á hana eitt,
hann boraði á hana tvö,
hann boraði á hana þrjú og fjögur,
fimm og sex og sjö.

Kubbaús

Kubbaús við byggjum brátt
báðum lófum smellum hátt
kubbum röðum sitt á hvað
hver vill skemma það?

Bátasmiðurinn

Ég negli og saga og smíða mér bát
og síðan á sjóinn ég sigli með gát.
Og báturinn vaggar og veltist um sæ,
ég fjörugum fiskum með færinu næ.

Lestin


Gula lestin kemur, kemur
viltu fá að koma með.
Lestarstjórinn kallar, kallar
komið áður en hún fer.
Tjú, tjú.
rauða lestin, græna, litla, stóra o.fl.

Þorskarnir tveir

Nú skulum við syngja um þorskana
two
sem ævi sína enduðu í netunum svo
þeir syntu, þeir syntu, þeir syntu um
allt
en mamma þeirra sagði, vatnið er kalt.
∴:Ba,ba,bú,bú,ba,ba,bú:∴
Þeir syntu, þeir syntu, þeir syntu um
allt
en mamma þeirra sagði, vatnið er kalt.
Annar hét Gunnar, en hinn hét Geir
þeir voru pínulitlir báðir tveir.
Þeir syntu, þeir syntu ...

Barnalag frá Mexikó

Einn og tveir og þrír
Fjórir, fimm og sex
sjö og átta og níu
teljum upp á tíu.
∴: La,la,la,la,la:∴



Siggi og Sína

Hann hét Siggi, hún hét Sína
og þau áttu lítinn leirkofa í Kína.
Hann var langur hún var lítill
og þeking hundinn sinn
þau nefndu Trítill.

Út á akri á daginn unnu,
en á kvöldin sátu heima og silki
spunnu.

Og þau átu (amm) í hvert mál,
hrísgrjónagrat úr risastórri skál.
∴:hrísgrjónagrat úr skál,
hrísgrjónagrat úr skál,
hrísgrjónagrat úr risastórri skál ∴:

Í grænni lautu

Í grænni lautu
þar geymi ég hringinn
sem mér var gefinn
og hvar er hann nú,
sem mér var gefinn
og hvar er hann nú?

Karl gekk út um morguntíma

Karl gekk út um morguntíma
og taldi alla sauði sína,
einn og tveir og þrír og fjórir,
allir voru þeir.

Með höndunum gerum við
klapp, klapp, klapp.
Með fótunum gerum við
stapp, stapp, stapp.

Einn, tveir, þrír,
ofurlítið spor,
einmitt á þennan hátt
er leikur vor.



Eldur - þúsaldarljóð

Eldurinn logar
langt niðri í jörðu,
leitar að opinni slóð.
Æðir um ganga,
grefur sér leiðir,
glóandi, ólgandi blóð.

Spýttist úr gígum
með geigvænu öskri,
grásvörtum bólstrum af reyk.
Leiftrandi steinar,
logandi hraunið,
lifandi kraftur að leik.

En handan við sortann,
háskann og mökkinn,
sem heldimmur leggst yfir ból,
dansar á himni
dált yfir landi,
dirfskunnar leiftrandi sól.

Bráðum fæðast lítil lömb

Bráðum fæðast lítil lömb
leika sér og hoppa
með lítinn munn og litla vömb
lambagrasið kroppa.
Við skulum koma og klappa þeim
kvölds og bjartar nætur
reka þau í húsin heim
hvít með gula fætur.

Fuglarnir sem flýðu í haust,
fara að koma bráðum.
Syngja þeir með sætri raust,
sveifla vængjum báðum.
Við skulum hlæja og heilsa þeim,
hjartansglöð og fegin,
þegar þeir koma þreyttir heim
þúsund mílna vegin.

Krumminn í hlíðinni

Krumminn í hlíðinni
hann fór að slá,
þá kom lóa lipurtá
og fór að raka ljá.
Hann gaf henni hnappa þrjá
og bannaði henni að segja frá
en hann spói spíssnefur
hann sagði frá,
prakkarinn sá.
Þá var ljáin ekki nema
hálf annað puntstrá.

Óskasteinar

Fann ég á fjalli fallega steina,
faldi þá alla, vildi þeim leyna.
Huldi þar í hellisskúta heillasteina
alla mína unaðslegu óskasteina.

Langt er nú síðan leit ég þá steina
lengur ei man ég óskina neina
er þeir skyldu uppfylla um ævidaga
ekki frá því skýrir þessi litla saga.

Gersemar mínar græt ég ei lengur
geti þær fundið telpa eða drengur.
Silfurskæra kristalla með grænu og
gráu
gullna roðasteina rennda fjólubláu.

Vorvindar glaðir

Vorvindar glaðir, glettnir og hraðir,
geysast um löndin rétt eins og börn.
Lækirnir skoppa, hjala og hoppa,
hvíld er þeim nóg í sæ eða tjörn.
Hjartað mitt litla hlustaðu á.
Hóar nú smalinn brúninni frá.
Fossbúinn kveður, kætir og gleður.
Frjálst er í fjalladal

Vorljóð - Skúraský

Með vindinum þjóta skúraský.
::Drípur drop, drop, drop::
Og droparnir hníga
og detta á ný,
:Drípur, drop, drop, drop::

Nú smáblómin vakna'
eftir vetrarblund.
::Drípur drop, drop, drop::

Þau augu sín opna
er grænkar grund.
::Drípur drop, drop, drop::

Signir sól

Signir sól sérhvern hól.
Sveitin klæðist geislakjól.
Blómin blíð, björt og fríð
blikar fjalls í hlið.
Nú er fagurt flest í dag,
fuglar syngja gleðibrag.
Sumarljóð, sæl og rjóð,
syngja börnin góð.

Ærin segir me me

Ærin segir me me
og krummi segir krunk.
Kýrin segir mu, mu
og litla kisa mjá.
Hestur segir hu, hu
og hundur segir voff.
:,: Syngur lóan bí, bí
og haninn gaggalagó :,:

Með sól í hjarta

Með sól í hjarta
og söng á vörum ,
við setjumst niður í
grænni laut.
Í lágu kjarri við
kveikjum eldinn,
kakó hitum og
eldum graut.



Þýtur í laufi

Þýtur í laufi, bálið brennur
blærinn hvíslar: sofðu rótt.
Hljóður í hafið röðull rennur,
roðnar og býður góða nótt.
Vaka þá ennþá vinir saman,
varðeldi hjá í fögrum dal.
Lífið er söngur, glaumur, gaman.
Gleðin hún býr í fjallasal.

Vertu til

Vertu til er vorið kallar á þig,
vertu til að leggja hönd á plóg.
Komdu út því að sólskinið vill sjá
þig,
:,:sveifla haka og rækta nýjan
skóg :,:

Ég er gula blómið fína

Ég er gula blómið fína
blómið fína.
Gulu blóðin vil ég sýna
vil ég sýna.
Kátir krakkar klöppum saman,
klöppum saman.
Ofsalega er nú gaman,
er nú gaman.
(*einnig sungið um bláa,rauða o.fl.*)



Ánamaðkadansinn

Ja, ja, ja, biri ja, ja, ja,
biri ja, ja, ja, biri ja, ja, ja.
Ja, ja, ja, biri ja, ja, ja,
biri ja, ja, ja, biri ja ja, ja.

Allan daginn ég vinn og vinn
því ég þarf að losa um jarðveginn
svo að komist sólin inn,
kátur sagði ánamaðkurinn.

Ja, ja, ja, biri ja, ja ja ...

Bráðum fara blóm á stjá
því að blessað vorið flýgur hjá.
Þegar vikur veturinn
stöðugt vinnur ánamaðkurinn.

Foli, foli fótalipri

:,: Foli, foli fótalipri,
flýttu þér nú heim að bæ :,:
:,: Tra-rí, ra-la-la,
flýttu þér nú heim að bæ. :,:

:,: Heima mun þín heyið biða
en hjá mömmu koss ég fæ :,:
:,: Tra-rí, ra-la-la,
en hjá mömmu koss ég fæ :,:

:,: Herðir hlaupin hlaupagarpur,
hreint ei telur sporin sín. :,:
:,: Tra-rí, ra-la-la,
hreint ei telur sporin sín. :,:

:,: Aldrei hef ég heldur, Jarpur,
hafrastráin talið þín. :,:
:,: Tra-rí, ra-la-la,

15 hafrastráin talið þín :,: